

Velferðarvaktin

Áfangaskýrsla stýrihóps

**Félags- og tryggingamálaráðuneytið
mars 2009**

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Helstu niðurstöður	4
3	Tillögur.....	5
4	Meginverkefni	6
4.1	Börn (0–18 ára)	6
4.2	Ungmennni og ungt fólk 15–25 ára	6
4.3	Þeir sem standa höllum fæti og stóðu höllum fæti fyrir kreppu	7
4.4	Fjármál heimilanna	7
4.5	Fólk án atvinnu	8
4.6	Heilsufar og heilsugæsla	9
4.7	Önnur verkefni.....	10
5	Verkefnin framundan	11

1 Inngangur

Félags- og tryggingaráðherra skipaði fyrr á þessu ári stýrihóp¹ um velferðarvakt í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. febrúar síðastliðnum. Stýrihópnum ætlað er að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og leggja til aðgerðir í þágu heimilanna. Í hópnum sitja sextán manns, meðal annars fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, ráðuneyta, hagsmunasamtaka og sveitarfélaga.

Stýrihópurinn hefur haldið fjóra fundi, en samhliða hafa starfað sex vinnuhópar sem fjalla um tiltekna hópa einstaklinga og aðstæður í samfélaginu í ljósi efnahagsástandsins. Formenn í hverjum vinnuhópi koma úr röðum fulltrúa í stýrihópnum. Í þessari áfangaskýrslu verður greint frá þeim atriðum sem stýrihópurinn leggur áherslu á, tillögum til úrbóta og verkefnum framundan og er meðal annars byggt á skýrslum frá öllum vinnuhópnum.

Stýrihópurinn vekur athygli á að mörgum aðgerðum og einstökum verkefnum hefur verið ýtt úr vör af hálfu sveitarfélaga, ríkis og frjálsra félagasamtaka til að bregðast við afleiðingum efnahagsástandsins á fjölskyldur og einstaklinga. Jafnframt hafa víða í nærsamfélaginu verið stofnaðar velferðarvaktir eða almannaheillanefndir í samstarfi margra aðila. Hátt atvinnustig er þó forsenda þess að vel takist til við úrvinnslu erfiðleikanna sem nú blasa við og mikilvægt að stjórnvöld ihugi fjölbreyttar leiðir til að styðja við atvinnusköpun og atvinnufyrirtæki í rekstri til að vernda störf. Árangur af aðgerðum byggist samhliða á því að réttar upplýsingar séu fyrir hendi og þess vegna er nauðsynlegt að gerðar séu rannsóknir á tilteknum sviðum og öllum mikilvægum upplýsingum haldið vel til haga.

Velferðarvaktin hvetur alla sem að málum koma til að hafa í heiðri kjörorðin *hreyfing, næring, svefn og félagsskapur*.

¹ Í stýrihópnum eiga sæti Lára Björnsdóttir formaður, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Eiríkur Jónsson, tiln. af Kennarasambandi Íslands, Guðríður Ólafsdóttir, tiln. af Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálpi, Ása Ólafsdóttir, tiln. af dómsmálaráðuneyti, Sigurrós Kristinsdóttir, tiln. af Alþýðusambandi Íslands, Garðar Hilmarsson, tiln. af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Páll Ólafsson, tiln. af Bandalagi háskólanna, Vilborg Oddsdóttir, tiln. af Biskupsstofu, Björn Ragnar Björnsson, tiln. af fjármálaráðuneyti, Guðrún Sigurjónsdóttir, tiln. af heilbrigðisráðuneyti, Margrét Sæmundsdóttir, tiln. af viðskiptaráðuneyti, Stefán Stefánsson, tiln. af menntamálaráðuneyti, Kristján Sturluson, tiln. af Rauða krossi Íslands, Stella K. Víðisdóttir, tiln. af Reykjavíkurborg, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Guðrún Björk Bjarnadóttir, tiln. af Samtökum atvinnulífsins, auk Þorbjarnar Guðmundssonar og Ingibjargar Broddadóttur starfsmanna.

2 Helstu niðurstöður

Afleiðingar kreppunnar eru einungis að litlu leyti komnar í ljós gagnvart einstaklingum og fjölskyldum. Þrátt fyrir mikið atvinnuleysi hafa 90% landsmanna atvinnu, langflestir standa í skilum við Íbúðalánasjóð, ekki hefur komið í ljós brottfall nemenda í framhaldsskólum, börnum hefur ekki fækkað í leikskólum, fleiri frekar en færri börn í grunnskólum fá heitan mat í hádegi og foreldrar virðast standa betur í skilum. Þá er ekki enn að finna sterkar vísbendingar um veruleg áhrif ástandsins á heilsufar svo dæmi séu tekin. Á hinn bóginn er ljóst að atvinnuleysi er orðið umtalsvert sem hefur afleiðingar á alla fjölskyldumeðlimi og á sjötta hundrað börn eiga foreldra þar sem báðir eru atvinnulausir og skuldir heimilanna hafa vaxið umtalsvert. Enn fremur er merkjanleg aukning í aðstoðarbeiðnum hjá félagsþjónustum sveitarfélaganna, fjárhagsaðstoð aukist verulega milli ára, svo og umsóknir um aðstoð hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Huglægur vandi hefur komið í ljós hjá öllum kynslóðum sem birtist í óvissu og öryggisleysi.

Í ljós hafa komið nokkur atriði sem liggja eins og rauður þráður gegnum vinnu stýrihópsins og vinnuhópanna:

- Gæta verði velferðar barna í hvívetna.
- Atvinnumissir er ein alvarlegasta afleiðing kreppunnar – tryggja þarf atvinnu.
- Sérstaklega þarf að huga að þeim hópum sem stóðu veikast fyrir kreppu þar með talið láglaunafólk, innflytjendur og einstæðinga.
- Virkni í leik og starfi er mikilvæg fyrir alla og getur skipt sköpum fyrir þá sem verða illa úti í efnahagsástandinu.
- Samráð og samstarf verði haft við sem flesta við úrlausn verkefna, framlag þriðja geirans² verði greint og félagsauðurinn nýttur sem best.
- Sparnaður í einu kerfi má ekki leiða til aukins kostnaðar á öðrum sviðum hins opinbera.
- Þörf er á sértækum úrræðum til að aðstoða þá sem þegar glíma við verulegan fjárhagsvanda og almennum fyrirbyggjandi aðgerðum til að draga úr líkum á því að heimilum í fjárhagsvanda fjölgi.
- Úrræði og aðgerðir fyrir heimilin verði samhæfð svæðisbundið, þverfaglega og þvert á stjórnsýsluna í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og þriðja geirans.
- Atvinnulaust ungt fólk (20–25 ára) fái sérstaka athygli svo og þeir sem eru eldri en 60 ára.
- Hugað verði sérstaklega að ungum barnafjölskyldum.
- Leita þarf leiða til að tryggja nemendum sumarvinnu og sumarverkefni.
- Hugað verði sérstaklega að stuðningi og ráðgjöf við þá sem veita einstaklingum aðstoð.
- Tryggja verði að nauðsynlegar upplýsingar til einstaklinga séu aðgengilegar.

² Með þriðja geiranum er einkum átt við frjáls samtök fólks sem hafa einhverja formlega innri gerð. Þau hafa annan tilgang en að hámarka hagnað í þágu stjórnenda eða meðlima. Þau byggja oft á framlagi sjálfbóðaliða. Þau eru sjálfstæð. Þeim er stýrt á óvilhallan og óeigingjarnan hátt. Þau eru virk á opinberum vettvangi í einhverjum mæli og starfsemi þeirra er að minnsta kosti að hluta ætlað að auka almannagæði.

3 Tillögur

Tillögur stýrihópsins eru eftirfarandi:

- Stofnaður verði mótvægisjóður velferðarvaktarinnar og fé varið til:
 - nauðsynlegra velferðarrannsókna,
 - samræmingar verkefna á vegum þriðja geirans og samstarfsaðila
 - að styðja starfsfólk sem vinnur með þeim sem verst hafa orðið úti í kreppunni,
 - átaksverkefna fyrir tiltekna hópa sem efnahagsástandið hefur bitnað verst á og
 - annarra nauðsynlegra verka.
- Sérfræðingar verði fengnir til að útbúa félagsvísa/félagsbókhald þar sem fylgst verður með ástandinu með reglubundum hætti.
- Tryggt verði að öll börn fái hádegisverð í skólum landsins.
- Aðstæður ungra barnafjölskyldna verði kannaðar sérstaklega.
- Að aðgangur barna og barnafjölskyldna að fagfólki sé tryggður og áhersla sé lögð á fjölskylduvinnu hjá heilsugæslu og félagsþjónustu.
- Horft verði heildstætt á úrlausnir gagnvart fjárhagsvanda heimilanna og til verði einskonar úrræðakeðja sem miðar að því að:
 - a) hjálpa þeim sem eru í mestum vanda, b) aðstoða þá sem eru í áhættu og eru líklegir til að lenda í vanda c) styðja við þá sem enn geta spjarað sig en með einföldum aðgerðum stjórnvalda og lánveitenda geta minnkað greiðslubyrði sína og þannig komist í gegnum þrengingar næstu missera.
- Komið verði á fót einfaldara kerfi fyrir einstaklinga í varanlegum greiðsluvanda til að semja um skuldir sínar.
- Tryggt verði að versnandi fjárhagur fólks hindri ekki aðgengi þess að heilbrigðisþjónustu, að heilsugæslan hafi frumkvæði að því að ná til þjónustupega í áhættuhópum, að þjónustustig heilugæslunnar verði ekki skorið niður og að fylgst verði grannt með breytingum á aðsókn að heilbrigðisþjónustu.
- Ungu fólki (18–25 ára) í sérstökum aðstæðum verði gert fjárhagslega kleift að stunda nám í framhaldsskóla, að framhaldsskólar taki við öllum nemendum sem sækja um skólavist og tryggt að verknámsnemar geti lokið námi.
- Tryggð verði áframhaldandi námskeið ásamt náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnulausa með styttri menntun sem fram fer hjá fræðsluaðilum í símenntun og fullorðinsfræðslu.
- Farið verði af stað með sérstök úrræði fyrir ungt atvinnulaust fólk sem er að stíga fyrstu skrefin á vinnumarkaði. Höfðað verði til samfélagslegrar ábyrgðar atvinnulífsins, sérstaklega ríkis og sveitarfélaga gagnvart því að ráða ungt fólk af atvinnuleysissskrá í afleysingar og sumarstörf.
- Hugað verði að samræmdum aðgerðum sveitarfélaga, ríkis og aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að koma í veg fyrir að atvinnulaust fólk festist í bótakerfinu.
- Áætlun um endurskoðun almannatrygginga verði hraðað þar sem örorkumatskerfið og fyrirkomulag örorkulífeyris verði skoðað sérstaklega. Einnig verði vinnu við endurskoðun á reglum um hámarkskostnaðar þátttöku í heilbrigðiskerfinu lokið sem fyrst.
- Gott samstarf Starfsendurhæfingarsjóðs, Vinnumálastofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins verði byggt upp.
- Störf þriðja geirans verði samræmd og félagsauður nýttur með markvissum aðgerðum.

4 Meginverkefni

Í þessum kafla er í stuttu máli greint frá umræðum og niðurstöðum vinnuhópanna sem fjölluðu um ólík viðfangsefni en fengu allir sömu fyrirmælin að:

- a. kortleggja ástandið, leggja mat afleiðingar kreppunnar á markhópinn og tilgreina hvaða upplýsingar vantar til að skýr mynd fáiast,
- b. taka saman yfirlit um það sem þegar hefur verið gert til að koma í veg fyrir alvarlegar og varanlegar afleiðingar efnahagsástandsins og
- c. leggja fram tillögur til úrbóta.

4.1 Börn (0–18 ára)

Umræða um velferð og hagsmuni barna birtist nánast í allri umfjöllun stýrihópsins um afleiðingar efnahagsástandsins. Afleiðingar kreppunnar á einstaklinga og fjölskyldur eru vart komnar í ljós, en brýnt er að öllum tiltækum ráðum sé beitt til að draga sem mest úr alvarlegum afleiðingum efnahagsástandsins á börnin. Bernskan er mikilvægasta mótunarskeið ævinnar og viðeigandi viðbrögð á erfiðum tímum geta skipt sköpum fyrir framtíð barns. Vaxandi atvinnuleysi liggur ljóst fyrir og er komið í rúm 8%. Um það bil 10 þúsund börn í landinu eiga foreldra sem eru atvinnulausir og af þeim börnum eru tæplega 600 sem eiga báða foreldrar án vinnu. Mörg sveitarfélög hafa sett á laggirnar samráðshópa til að fylgjast með stöðu barna og dæmi eru um lækkun leikskólagjalda og hækkun greiðslna vegna tómsunda barna.

Umboðsmaður barna hefur fengið ýmis erindi frá börnum sem bera með sér að efnahagsástandið og óróleiki í samfélaginu bitni á líðan þeirra. Innlögnum á Stuðla, meðferðar- og greiningarvistun fyrir unglinga, hefur ekki fjölgað og Barnaverndarstofa hefur ekki orðið vör við aukningu á tilkynningum til barnaverndarnefnda. Á hinn bóginn hafa komið upp alvarleg ofbeldismál í grunn- og framhaldsskólum sem verið er að kanna nánar.

Tryggja verður að málefni barna verði í brennidepli næstu misserin og mikilvægt að fylgst sé með breyttum aðstæðum þeirra allt frá meðgöngu til 18 ára aldurs og upplýsingum komið á framfæri við rétta aðila. Sérstaklega þarf að fylgjast með stöðu barna í jaðarhópum, svo sem innflytjendabarna og barna í stjúpfjölskyldum. Það er mikilvægt að hlustað sé á börnin, að aðgangur barna og barnafjölskyldna að fagfólki sé tryggður og áhersla lögð á fjölskylduvinnu hjá heilsugæslu og félagsþjónustu, að þeir sem vinna með börnum fái sérstakan stuðning, að talað sé varlega í návist þeirra, að fylgst sé með því að börn hætti ekki í tómsundum vegna fátæktar, að þau fái nauðsynlega hreyfingu og nærumhverfið notað í því skyni og síðast en ekki síst að málefni barna fái fjárhagslegan forgang hjá ríki og sveitarfélögum. Þá er áhersla lögð á að aðgerðaáætlun til fjögurra ára (2007 – 2011) til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem samþykkt var á Alþingi í júní 2007 komist til framkvæmda.

4.2 Ungmenni og ungt fólk 15–25 ára

Aðstæður þessa hóps eru mismunandi; í yngri hópnum (15–20 ára) búa flestir í heimahúsum og eru í framhaldsskólum en í eldri hópnum hefur fólk iðulega stofnað heimili, eignast börn, og þeir sem stunda nám eru háðir námslánum. Atvinnulausum í hópnum 20–24 ára fjölgaði hlutfallslega mest allra á tímabilinu september 2008 til janúar 2009, úr 2% í tæplega 12%. Hætta er á að þessi hópur ungs fólks komist ekki aftur inn á vinnumarkaðinn, einkum þau sem eru að stíga sín allra fyrstu skref á vinnumarkaði. Þörf er á sérstökum úrræðum svo koma megi í veg fyrir að þetta unga fólk festist varanlega utan vinnumarkaðarins.

Sé horft til meirihluta alls hópsins tengist umræðan mest námi og námsmöguleikum ungs fólks. Fjölbreytni, aukid framboð og gæði náms er lykilatriði ásamt tekjumöguleikum. Horfa verður til næstu missera, til sumarsins og næsta vetrar, en brottfall nemenda nú á vorönn er vart merkjanlegt í framhaldsskólum, en fjarvistir hafa aukist. Skólarnir hafa gripið til ýmissa ráða, svo sem að taka fleiri nemendur inn í skólana, efla félagslíf, taka á málum nemenda sem eiga við geðræn vandamál og aukinn sveigjanleiki veittur í greiðslum vegna mótuneyta heimavistaraskólanna og efnisgjöldum haldið í lágmarki. Fjárhagserfiðleikar kunna að bitna verr á ungu fólki á landsbyggðinni og einnig er nauðsynlegt að huga sérstaklega að ungu fólki af erlendum uppruna.

Tillögur til úrbóta felast meðal annars í því að skólar taki við öllum nemendum sem sækja um skólavist, að leitað sé allra leiða til að tryggja ungu fólki sumarverkefni, að boðið verði upp á sumarannir í framhalds- og háskólum, að náms- og félagsráðgjöf verði eflað og forvarnastarf aukid, að kannað verði hvort mögulegt sé að greiða atvinnuleysisbætur til þeirra sem stunda fullt nám í framhaldsskólum og námslán verði hækkuð og greidd út mánaðarlega. Verkalýðshreyfingin, framhaldsskólar og símenntunarstöðvar eru hvött til að starfa saman að málefnum atvinnulauss ungs fólks, meðal annars með því að koma á styttri námsbrautum, tómsundaúrræðum og viðurkenningu á námi sem er í boði símenntunarstöðva.

4.3 Þeir sem standa höllum fæti og stóðu höllum fæti fyrir kreppu

Ljóst er að þeir sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu standa nú enn verr og bitnar niðurskurður í velferðarkerfinu iðulega fyrst á þeim. Því er mikilvægt að í niðurskurðinum sem framundan er verði aðgerðum forgangsraðað með tilliti til þessa hóps. Atvinnulausir búa langflestir við kröpp kjör, en huga þarf sérstaklega að tveimur hópum, annars vegar þeim sem eru 60 ára og eldri og á hinn bóginn þeim sem voru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði eða eru útskrifast úr námi á næstu misserum. Enn fremur standa karlar sem hafa hvorki tengsl við fjölskyldur né annað félagsnet sínar sérlega höllum fæti og er hætta á að þeir einangrist. Samstarf þriðja geirans innbyrðis og samstarf hans við sveitarfélög og stofnanir ríkis er nauðsynlegt svo fjölbreytt úrræði nái til sem allra flestra, til dæmis með því að stofna þverfaglegt samráðsteymi sem hefði yfirsýn og samræmi hinar fjölbreyttu aðgerðir ýmissa samtaka og sveitarfélaga í þágu atvinnulausra. Aðrir hópar í áhættu eru börn í fjölskyldum sem standa höllum fæti, ungmenni sem unnu með námi í framhaldsskólunum en hafa misst vinnuna, eftirlaunaþegar, einstæðir foreldrar, láglaunafólk, öryrkjar og erlendir ríkisborgarar og er í því sambandi minnt á framkvæmdaáætlun í málefnum innfyrtjenda sem samþykkt var á Alþingi vorið 2008. Sameiginlegt með mörgum sem standa höllum fæti eru erfiðleikar við að greiða lækni- og lyfjakostnað og óöryggi í húsnæðismálum.

4.4 Fjármál heimilanna

Efnahagur heimilanna ræðst af eignum, tekjum og skuldum og samspili þessara þátta og er rétt að benda á að ef greiðslugeta og greiðsluvilji eru fyrir hendi þurfa skuldsetning og fjárhagsleg vandkvæði ekki fara saman. Þeir sem búa við verulegan fjárhagsvanda þurfa sérstök úrræði, en slík úrræði mega ekki draga úr greiðsluvilja fólks. Til að draga úr líkum á að heimilum í fjárhagsvanda fjölgi er mikilvægt að grípa til almennra úrræða, svo sem í anda þess sem þegar hefur verið gert með hækkun vaxtabóta. Skuldsetning heimilanna hefur vaxið hratt undanfarið, en áætlað er að heimilin í landinu séu um 110.000 og meðalskuldir hvers ríflega 18 milljónir króna. Í lok árs 2007 skulduðu um 17.500 heimili meira en 80% af húsnæði sínu og má áætla að nú séu um 30.000 heimili í þessum hópi. Fólk á þrítugs- og fertugsaldri er sérstaklega skuldsett. Jafnframt er þessi hópur með hæstu greiðslubyrðina og flest börn á sínu framfæri.

Meirihluti heimila eða 90% er með húsnæðisskuldir undir 30 milljónum króna. Hins vegar eru tæplega 20% heimila komin í neikvæða eiginfjárstöðu og 22% þeirra eru með afar takmarkaða jákvæða eiginfjárstöðu (minna en 5 milljónir króna). Stærstur hluti skuldanna er húsnæðisskuldir, en búast má við að skuldir vegna bílalána, námslána, yfirdráttar og annarra skammtímaskulda séu einnig háar. Um 90% af lánnum hjá Íbúðalánasjóði eru enn í skilum. Helsta ástæða erfiðleika þeirra sem leita eftir aðstoð er talin

vera skertar tekjur eða atvinnumissir, en ljóst er að greina þarf aðstæður betur til að meta raunverulega greiðslugetu heimilanna.

Hjá Ráðgjafarstofnu um fjármál heimilanna voru 655 umsóknir afgreiddar á tímabilinu september 2008–mars 2009 samanborið við 322 umsóknir á sama tímabili ári áður og samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo voru 13.779 fjölskyldur á vanskilaskrá í október 2008 en þar eru skráðar kröfur sem farið hafa í löginnheimtu. Búast má við að kaupmáttur launa rýrni hraðar en opinberar tölur gera ráð fyrir og sífellt stærri hluti tekna heimila fari til kaupa á matvöru og greiðslu skulda.

Flest úrræðin sem gripið hefur verið til eru sértæk og miða að því að hjálpa fólki sem þegar glímur við verulegan greiðsluvanda. Minna er um almenn úrræði, þó eru sum almenn í þeim skilningi að allir eiga kost á þeim, svo sem greiðsluöfnun og frysting gjaldeyrislána. Eftirfarandi tillögur hafa verið ræddar: Niðurfelling skulda að hluta, afnám eða lækkun verðtryggingar, möguleikinn á að afskriftir kröfuhafa á skuldum leiði ekki til skattlagningar skuldara, lögfest verði lög um greiðsluaðlögun skulda, sett verði lög um greiðsluöfnun gjaldeyrislána eða mögulegt verði að endursemyja um gjaldeyrislán, vaxtabótakerfið verði endurskoðað með tilliti til tekjuviðmiða og endurgreiðslu vaxta og verðbóta og skattkerfið verði nýtt til að hvetja til þess að einstaklingar fjárfesti í atvinnustarfsemi. Horfa verður heildstætt á lausnir svo til verði eins konar úrræðakeðja sem miðar að því að:

- a. hjálpa þeim sem eru í mestum vanda,
- b. aðstoða þá sem eru í áhættu og eru líklegir til að lenda í vanda og
- c. styðja við þá sem enn geta spjarað sig og geta með einföldum aðgerðum stjórnvalda og lánveitenda minnkað greiðslubyrði og þannig komist í gegnum þrengingar næstu missera.

4.5 Fólk án atvinnu

Um 17.000 manns eru án atvinnu í dag eða ríflega 8% af áætluðu vinnuafli. Þar af eru um 20% í hlutastarfi á móti bótum. Greining á hópi atvinnulausra sýnir að þeir sem einungis hafa lokið grunnskólanámi eða minna standa verst á vinnumarkaði og tilheyrir þriðjungur allra á vinnumarkaði þessum hópi. Yfir 50% þeirra sem eru á atvinnuleysisráði tilheyra þessum hópi og er þetta viðvarandi mynstur bæði á samdráttar- og þenslutímum. Atvinnuleysi er einnig mikið meðal iðnaðarmanna og töluvert atvinnuleysi er meðal fólks með stúdentspróf, en sá hópur verður einna fyrstur fyrir barðinu á atvinnuleysi þegar kreppir að.

Til að meta stöðu atvinnulausra er brýnt að safna saman nánari upplýsingum þrátt fyrir að mikið liggi fyrir hjá Vinnuálastofnun. Stofnunin vinnur að nánari gagnaöflun og væri meðal annars gagnlegt að fá upplýsingar um eftirfarandi: Fjölskylduaðstæður atvinnulausra, áhrif atvinnuleysis á líðan, heilsufar og virkni, afleiðingar atvinnuleysis á afkomu og lífsbjörg, óskir og væntingar atvinnulausra gagnvart þjónustu, stuðningi og aðstoð og viðhorf atvinnulausra til stuðnings sem er í boði. Þegar betri upplýsingar liggja fyrir er unnt að leggja fram markvissa áætlun og leiðir til að mæta brýnni þörf fyrir þjónustu og tryggja að nauðsynleg úrræði séu til staðar einnig fyrir þá sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum og hafa ekki verið í stéttarfélagi.

Atvinnuleysi getur haft alvarleg áhrif á heilsu fólks og leitt til minni starfsgetu. Því er hætta á gríðarlegri fjölgun örorkulífeyrisþega í kjölfar mikils atvinnuleysis. Einnig missa þeir sem búa við skerta starfsgetu oftast fyrst vinnuna þegar að kreppir á vinnumarkaði. Því er viðbúið ef ekkert er að gert að veruleg fjölgun verði í hópi öryrkja og stórir hópar verði langvarandi utan vinnumarkaðar. Hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur gætt aukins álags og fjölgunar milli mánaða í hópi þeirra sem hafa fengið örorkumat. Leita þarf allra leiða til að koma í veg fyrir þessa þróun og að Tryggingastofnun, félagsþjónustan, stéttarfélög, hagsmunasamtök og hjálparstofnanir vinni svæðisbundið saman að lausnum.

Mikilvægast er að tryggja atvinnu fyrir alla vinnufæra, en huga verður einnig að úrræðum fyrir þá sem misst hafa vinnuna með það að markmiði að tryggja virkni og koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar atvinnuleysis á heilsu, líðan og félagslegar aðstæður. Úrræðin þurfa að vera fjölbreytt og aðgengileg og er hér sérstaklega bent á Starfsendurhæfingarsjóð. Tryggja þarf aðgengi að upplýsingum og velja skynsamlegt form á fjárhagslegum stuðningi þannig að fólk „læst“ ekki inni í bótakerfinu. Huga verður sérstaklega að börnum atvinnulausra. Enn fremur er rétt að bjóða sem víðast tiltekin úrræði sem vel hafa tekist, svo sem sjálfstyrkingarnámskeið, vinnuklúbba og starfsþjálfunarsamninga. Þá er brýnt að standa vörð um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat ásamt fjölda sérsniðinna námskeiða fyrir þá sem standa verst á vinnumarkaði sem boðið er upp á samkvæmt samningi menntamálaráðuneytis við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þetta fer fram undir regnhlíf Fræðslumiðstöðvarinnar á vegum níu símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni og Mímis – símenntunar og fræðslusetrum iðnaðarins í Reykjavík.

Rétt er að skoða sérstaklega örorkumatskerfi og fyrirkomulag örorkulífeyris og endurhæfingarlífeyris og hraða endurskoðun almennatrygginga þannig að taka meggi upp nýtt réttindakerfi hið allra fyrsta. Mikilvægt er að byggja upp gott samstarf á milli Starfsendurhæfingarsjóðs, Vinnumálastofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins og er unnið að því.

4.6 Heilsufar og heilsugæsla

Rétt er að leggja áherslu á ábyrgð hvers og eins á eigin heilsu. Eins ber að forðast að gera allan vanda sem tengist kreppunni að heilsufarslegum vandamálum.

Það er á hinn bóginn þekkt að úrvinnsla áfalls verður flóknari þegar um er að ræða erfiðleika af mannavöldum, ekki síst ef enginn tekur á sig ábyrgð, sjálfsmynd og félagsstaða versnar, áhrifaleysi á lausnir ríkir og enginn endir er fyrirsjáanlegur á áföllum. Hefðbundin áfallahjálpar er oftast bundin við fyrstu daga eftir áfall, en síðbúin áhrif áfalla geta komið fram vikum og mánuðum síðar og viðvarandi streituástand skapast. Viðvarandi streita eykur mjög hættu á sjúkdómum, bæði vegna lífeðlisfræðilegra áhrifa á vefi og líffæraakerfi og vegna álags streitunnar á tilfinningalíf. Í þessu samhengi er mikilvægt að minna á margfeldisáhrif í samspili viðvarandi streitu og sjúkdóma á félagslega hæfni eins og vinnugetu. Þegar saman fara vinnutengd streita og sjúkdómar fjórfaldast líkur á veikindafjarvistum auk þess sem þetta samspil hefur letjandi áhrif á vinnuanda og afköst þeirra sem ná að vera í vinnunni. Algeng einkenni streitu á vinnustað eru: Vanlíðan, skert starfsgeta, skert einbeiting og minni, tómlæti, pirringur, bæld reiði og kvíði, grafið er undan samstarfsmönnum og yfirmönnum, fólk forðast áhættur og ögranir og veikindafjarvistir eru tíðari. Börn og unglingar eru í sérstakri hættu í þessu ástandi. Þyngsli og spenna geta orðið ráðandi á heimili, foreldrar verða uppstökkir, rifrildi algengari, neysla áfengis og annarra vímuefna óhófleg og til skaða. Þannig verða börnin þolendur og með því eykst hætta á vanrækslu og ofbeldi gegn þeim.

Enn er ekki að finna sterkar vísbendingar um að veruleg áhrif kreppunnar á heilsufar séu komin fram. Þó er vitað að heilbrigðisstarfsmenn sem vinna innan fyrirtækja og í skólakerfinu greina merki vaxandi vanlíðanar. Það er mikilvægt að fylgjast grannt með þessu, ekki síst með tilliti til þeirra hópa sem kunna að vanrækja heilsufar sitt og leita ekki eftir heilbrigðisþjónustu vegna skertrar fjárhagsgetu. Samhliða þarf að tryggja fræðslu til almennings, starfsfólks heilsugæslunnar og lykilhópa, svo sem starfsfólks skóla og félagsþjónustu, og beina sérstakri fræðslu til áhættuhópa, svo sem atvinnulausra og ungra fjölskyldna með börn. Heilsugæsluumdæmin ættu skipuleggja þetta verkefni í náinni samvinnu við lykilhópa eins og félagsþjónustu, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, presta, lögreglu og fleiri. Þar sem skörun kann að vera á starfsemi lykilhópa milli umdæma ættu stjórnendur viðkomandi starfsemi leysa þau mál í samvinnu við stjórn heilsugæslunnar.

Tryggja þarf að versnandi fjárhagur einstaklinga og fjölskyldna hindri ekki aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu, að heilsugæslan hafi frumkvæði að því að ná til þjónustupega í áhættuhópum, að þjónustustig heilsugæslunnar verði ekki skorið niður, að þar til bærir aðilar fylgist grannt með breytingum á aðsókn að heilbrigðisþjónustu og að fylgst verði með tíðni veikindafjarvista frá vinnu.

4.7 Önnur verkefni

Velferðarvaktin hefur opnað vefsvæði á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytis³ þar sem finna má upplýsingar um störf stýrihópsins, um aðgerðir stjórnvalda, hvert fólk geti leitað og fleira. Þar er einnig tekið á móti ábendingum til vaktarinnar. Komið hefur í ljós á þeim stutta tíma sem vefsvæðið hefur verið opið að mest er farið inn á hlekkinn „hvert getur fólk leitað“.

Ráðgjafarhópur með fulltrúum úr háskólasamfélaginu hefur gefið velferðarvaktinni góð ráð varðandi rannsóknir og mun meðal annars afla upplýsinga um hvað fyrir liggi af rannsóknum bæði innlendum og erlendum um áhrif og afleiðingar efnahagskreppu á líf fjölskyldna og einstaklinga í bráð og lengd, koma með tillögur um hvað sé nauðsynlegt að rannsaka og hvernig megi fylgjast með þeirri þróun sem kreppan hafi á mannlífið, heimilin og velferðarsamfélagið næstu árin. Að mati félagsráðgjafanna í ráðgjafarhópnum eru eftirtaldir hópar berskjaldaðri en aðrir gagnvart afleiðingum kreppunnar og þyrfti að beina sérstökum aðgerðum gagnvart þeim: Einstæðir tekjulágir foreldrar, foreldrar sem eru í sambúð/hjónabandi en eru að kíkna undan fjárhagsáhyggjum, foreldrar sem eiga von á fyrsta barni og foreldrar sem eru atvinnulausir. Þá þurfi að huga sérstaklega að þeim sem veita fjölskyldum og einstaklingum í erfiðleikum aðstoð, það er þeim sem „hjálpa hjálpurinum“.

Ábyrgð fjölmiðla er mikil og leitaði stýrihópurinn til nokkurra fjölmiðlamanna og sérfræðinga um hvort mögulegt væri að koma á samvinnu milli velferðarvaktarinnar og fjölmiðla. Fjölmiðlafólkið taldi augljóst að fjölmiðlar fari sínu fram og að fréttamat fjölmiðla væri þeirra sjálfra en ýmislegt gæti stutt við upplýsta umræðu. Fjölmiðlamenn og fræðimenn gætu hist og rætt hlutverk fjölmiðla á krepputímum með sérstaka áherslu á þá hópa samfélagsins sem eru viðkvæmir fyrir erfiðri umfjöllun. Opna mætti gagnvirkan vef fyrir börn og unglínga sem tæki efnahagshrunið til umfjöllunar á einfaldan hátt. Þá mætti leita til viðeigandi sérfræðinga um að búa til gátlista fyrir fjölmiðla um innihald og framsetningu efnis til að auðvelda viðkvæmum hópum skilning á efninu og setja upp leiksyningu eða atriði á sal í grunnskólum sem hjálpaði börnum að takast á við erfiðar tilfinningar sem fylgja því að upplifa kreppu.

Velferðarvaktin sendi öllum félagsmálastjórum landsins fyrirspurn í sex liðum um það hvort og með hvaða hætti félagsþjónusta sveitarfélaganna hefði orðið vör við afleiðingar efnahagshrunsins. Svör bárust frá 24 félagsmálastjórum af 39 sem starfa víðs vegar um landið, þar á meðal frá öllum fjölmennustu sveitarfélögunum. Ekki hefur gefist tími til að ljúka úrvinnslu en þó er ljóst að félagsþjónustan merkir að þrengt hefur að á heimilum landsmanna og eru tengslin milli vaxandi atvinnuleysis og aukningar í fjárhagsaðstoð vel þekkt. Í þessu sambandi er mikilvægt að benda á að sveitarfélögin bjóða upp á fjölpætta félagslega ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi uppeldi barna og hafa þau brugðist við ástandinu með því að efla þessa þjónustu.

Hér að framan hafa nokkrir hópar fólks verið sérstaklega nefndir en stýrihópnum er vel ljóst að gæta verður að ákveðnum fjölskyldugerðum umfram aðrar. Ungar barnafjölskyldur sem eru að hefja fyrstu sambúðarárin eru í sérstakri áhættu, meðal annars er skilnaðartíðni þeirra hærri en hjá öðrum fjölskyldum. Einnig eiga tekjulágir einstæðir foreldrar oft í erfiðleikum með að láta enda ná saman og er hætta á að þeir verði illa úti í þessu árferði. Einkennandi fyrir framangreinda hópa eru miklar skuldir, litlar eignir og barnagæslukostnaður. Kanna þarf betur aðstæður þessara fjölskyldna svo koma megi með markvissum hætti til móts við þarfir þeirra.

³ <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/>

5 Verkefnin framundan

Stýrihópur velferðarvaktarinnar sér fram á margþætt verkefni framundan, ekki síst í ljósi tillagnanna hér að framan. Hann leggur því áherslu á að honum verði falið að sinna verkefnum sínum áfram næstu tvö árin. Er lagt til að stýrihópurinn skili félags- og tryggingaráðherra stöðuskýrslu á þriggja mánaða fresti og vinnuhóparnir haldi áfram störfum næstu misserin.

Fyrstu verkefni stýrihópsins í framhaldi af þessari skýrslu verða að fylgja eftir aðgerðum sem byggja á tillögum hópsins á bls. 5 í þessari skýrslu í samræmi við samþykktu forgangsöröðun stjórnvalda.

Framundan er einnig að leggja drög að og vinna félagsvísa velferðarvaktarinnar í samvinnu við stofnanir ríkis og sveitarfélaga. Einnig er nauðsynlegt að útbúa gagnabanka vaktarinnar sem yrði aðgengilegur öllum sem á þurfa að halda og áhuga hafa á viðfangsefninu og bæta þarf vefsvæði vaktarinnar svo það nýtist sem flestum.

Félags- og tryggingamálaráðherra hefur óskað eftir því við Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands að það leggi til leiðir um það hvernig standa megi sem best vörð um hagsmuni barnanna í landinu og hvaða rannsóknir séu nauðsynlegar.

Stefnt er að því að taka saman hið allra fyrsta heildstætt aðgengilegt yfirlit yfir öll þau úrræði sem gripið hefur verið til eftir efnahagshrunið til hjálpar heimilunum í fjárhagsvanda þeirra.

Stýrihópurinn hefur áform um að veita viðurkenningu á mánaðarfresti fyrir fyrirmyndarverkefni eða framlag sem sé gott fordæmi gegn afleiðingum kreppunnar.

Að lokum má geta þess að Vinnumálastofnun undirbýr könnun á aðstæðum atvinnulausra til að greina betur stöðu þeirra, fjölskylduaðstæður og þörf fyrir þjónustu. Þessar upplýsingar munu án efa koma velferðarvaktinni að góðum notum. Gagnlegt væri enn fremur að stofnunin vinni nánar úr þeim tölulegu upplýsingum sem hún aflar nú þegar frá þeim sem skrá sig atvinnulausa.